

Réttur almennings til að mótmæla er ótvíræður og sýnir stjórn BSRB þeim mótmælum sem fram hafa farið að undanförunu mikinn skilning. Brotið hefur verið á almenningi og reiði fólks er mikil. Stjórn bandalagsins minnir á hve mikilvægt það er að hafa það jafnan í huga að löggæslumenn geta lent í erfiðri stöðu þegar mótmæli eru annars vegar og er mikilvægt að fólk láti ekki reiði og ofbeldi beinast að lögreglu eða öðrum sem hafa fengið það hlutverk að halda uppi lögum og reglu. Löggæslustéttirnar bera enga ábyrgð á hrúni íslenska fjármálakerfisins og óstjórn sem því tengist. Það er mikilvægt að löggæslumenn um allt land geti sinnt lögbundnum skyldum sínum án ótta um aðkast eða ofbeldi í starfi, rétt eins og það er mikilvægt að fólki í landinu geti mótmælt friðsamlega án ótta við yfirvöld. Löggæslan í landinu og fólkið í landinu á með réttu að hafa sameiginlega hagsmuna að gæta og gagnkvæm virðing mótmælenda og löggæslumanna og starfsfólks bráðþjónustu varðar veginn fram á við.